



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

# STÖÐUSKÝRSLA

23. maí 2011, kl. 16:00  
Eldgos í Grímsvötnum



## Meginatriði

- Eldvirkni stöðug
- Öskufall á Suðurlandi
- Röskun á samgöngum
- Aðstoð við íbúa á svæðinu

## Gosmökkur

Eldvirkni í Grímsvötnum hefur verið stöðug. Gosmökkur hefur verið í 5-7 km. hæð. Mökkurinn er vart sjáanlegur á gervitunglamyndum vegna veðurastæðna, en sjá má lágskýja öskuský sunnan af landinu. Engar eldingar hafa verið skráðar síðan kl. 4.30 í morgun.

## Öskufall

Mikið öskufall hefur verið skráð á láglandi sunnan og suðvestan af Vatnajökli. Búast má við talsverðu öskufalli allvíða suðaustanlands. Fréttir hafa borist af öskufalli allt frá höfuðborgarsvæðinu að Tröllaskaga á norð-austanverðu landinu. Aska í lofti í Reykjavík er sjáanleg en er greinilega að þynnast. Svifryksmælir á Raufafelli er kominn í lag: <http://kort.vista.is/> Sjá nánar á vef Veðurstofu Íslands og [www.vedur.is](http://www.vedur.is) og Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is) . Íbúum svæðisins er bent á að kynna sér öskufallsþæktling, sem hægt er að nálgast á heimasíðu almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is) .

Leikskólar á Suðurlandi, frá Selfossi að Klaustri, sem og í Vestmannaeyjum, eru opnir í dag. Mælt er til að leikskólabörnum sé haldið inni í dag vegna öskumengunar á svæðinu.

## Búfé

Í fyrstu öskusýnum hefur ekki greinst mikið af efnum, þar með talin flúor, en askan er glerkennd og getur haft særandi áhrif á slímhimnur í öndunarfarum, meltingarfærum og augum skepna. Mikilvægt er að forða skepnum undan öskufalli og hýsa þær eða flytja annað ef mögulegt er. Tryggja þarf skepnum á útigangi hreint drykkjarvatn og gefa þeim gott fóður vel og oft.

## Vegasamgöngur

Ákveðið hefur verið að loka veginum frá Vík í Mýrdal að Freysnesi af öryggisástæðum og verður vegurinn vaktaður af lögreglunni. Skyggni á svæðinu er mjög slæmt, 4 metrar. Sjá nánari upplýsingar [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is).

## Veitur

Neyðarstjórn Mílu hefur metið áhrif gossins á fjarskiptakerfi Mílu og gripið til nauðsynlegra aðgerða. Engar bilanir eða truflanir hafa orðið í fjarskiptakerfi Mílu á gossvæðinu í Grímsvötnum. Þetta á einnig við um örbylgjusambönd, en öskufall virðist ekki hafa áhrif á þau. Áfram verður fylgst með styrk þeirra. Búið er að þetta loftinntök og hurðaop í tækjahúsum á svæðinu. Vefmyndavél Mílu við Jökulsárlón er á slóðinni <http://live.mila.is/jokulsarlon/>

## Veðurspá.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands er gert ráð fyrir norðlægum áttum 23. maí, 10-18 m/s, hvassast með A-ströndinni. Slydda eða snjócoma NA- og A-lands, slydduél eða él á norðvestaverðu landinu, en annars úrkomulaust. Búast má við talsverðu öskufalli allvíða suðaustanlands.

## **Flugsamgöngur**

Flugi hefur verið aflýst fram eftir degi en stefnt er á að opna flugsamgöngur seinnipart dags.

## **Fjöldahjálparstöðvar**

Tvær fjöldahjálparstöðvar eru nú opnar á hamfarasvæðinu, á Kirkjubæjarklaustri og Freynesi í Öræfum. Rauði krossinn vinnur nú að því að skipuleggja áfallahjálp til íbúa á svæðinu ásamt heilbrigðisþjónustunni, kirkju, sveitarfélögum og almannavörnum. Hjálparsími Rauða krossins 1717 var virkjaður í gærkvöldi sem upplýsingasími fyrir almenning eins og jafnan er gert í almannavarnaástandi. Fólki er því bent á að hringja í Hjálparsímamann 1717 til að nálgast almennar upplýsingar og til að sækja sér sálrænan stuðning.

## **Aðstoðarbeiðnir.**

Fólk sem þarf á aðstoð að halda frá lögreglu og björgunarsveitum hringi í Neyðarlínuna í síma 1-1-2

## **Upplýsingamiðlun**

Íbúum á öskufallssvæðum er bent á leiðbeiningar um viðbrögð við öskufalli sem finna má á heimasíðum Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnunar og Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar

Tenglar og nánari upplýsingar

Almannavarnir [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)

Umhverfisstofnun [www.ust.is](http://www.ust.is)

Loftgæðamælingar í Reykjavík: <http://www.loft.rvk.is/>

Loftgæði í Reykjavík: [www.umhverfissvid.is](http://www.umhverfissvid.is) (vefmælir)

Stöðuskýrslur munu verða sendar frá Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð á meðan gos stendur yfir.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is)